

Alþingi
Velferðarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

30. apríl 2024

Efni: Umsögn SFF um frumvarp um breytingar á lögum um réttindagæslu fyrir fatlað fólk nr. 88/2011. Þingskjal 1367 — 822. mál.

Samtök fyrirtækja í fjármálaþjónustu (SFF) vísa til frumvarps til laga um breytingar á lögum um réttindagæslu fyrir fatlað fólk nr. 88/2011 sem félags- og vinnumarkaðsráðherra lagði fram á Alþingi þann 27. mars síðastliðinn. Samtökin fagna jákvæðum breytingum á löggjöfinni en telja breytingu á 9. gr. laganna um persónulega talsmenn óskýra og að ganga mætti lengra í breytingu á ákvæðinu.

9. gr. laganna um aðstoð persónulegs talsmanns

Í 4. tl. 1. mgr. 9. gr. laganna er fjallað um aðstoð persónulegs talsmanns við ráðstöfun fjármuna vegna daglegra útgjalda. Töluliðurinn hljóðar svo:

*“4. Aðstoð við ráðstöfun fjármuna vegna daglegra útgjalda. Persónulegum talsmanni er heimilt, á grundvelli samkomulags skv. 1. mgr. 7. gr., að sjá um greiðslu daglegra útgjalda fyrir fatlaðan einstakling enda fari greiðslur fram með reiðufé sem ráðstafað er af sérgreindum **reikningi** fyrir þess háttar útgjöld. Persónulegum talsmanni er hins vegar óheimilt að stofna til íjárhagsskuldbindinga fyrir hönd þess sem hann aðstoðar nema sá einstaklingur hafi veitt honum skriflegt umboð til þess. Hafi fötluðum einstaklingi verið skipaður ráðsmaður á grundvelli lögræðis laga tekur umboð persónulegs talsmanns ekki til þeirra eigna og fjármuna sem ráðsmaður hefur umsjón með.”*

Frumvarpið gerir ráð fyrir breytingu hér á sem er sú að persónulegur talsmaður geti á grundvelli samkomulags séð um greiðslu daglegra útgjalda enda fari greiðslur fram með reiðufé sem ráðstafað er af sérgreindum **reikningum** (fleirtala í stað eintala).

Um breytinguna segir að breyting þessi sé gerð þar sem það fyrirkomulag að geta eingöngu haft aðgang að einum reikningi hafi verið gagnrýnt. Áréttað er að aðstoð eigi aðeins við um ráðstöfun fjármuna vegna daglegra útgjalda og að óheimilt sé að stofna til fjárskuldbindinga fyrir hönd hins fatlaða nema hinn fatlaði hafi veitt persónulegum talsmanni skriflegt umboð til þess en slíkt umboð er óháð samkomulagi um aðstoð persónulegs talsmanns eða kemur til viðbótar slíku samkomulagi.

Vert er að nefna að ráðstöfun fjármuna vegna daglegra útgjalda er ekki nægilega skýr eins og staðan er í dag og er ekki gerð skýrari með því að fjölga reikningum sem ráðstafa má af. Um ráðstöfun fjármuna vegna daglegra útgjalda segir í frumvarpinu sem varð að

gildandi lögum:

„Í 4. tölul. er afmarkað með hvaða hætti persónulegur talsmaður aðstoðar viðkomandi þegar kemur að ráðstöfun íjármuna vegna daglegra útgjalda. Lagt er til að lögin hafi að geyma ákveðna reglu í þessu sambandi sem feli í sér að persónulegur talsmaður megi, á grundvelli samkomulags skv. 1. mgr. 7. gr., sjá um greiðslu daglegra útgjalda fyrir hinn fatlaða einstakling. Í þessu felst að talsmaður hafi lögákveðið stöðumboð til þess að annast þessi útgjöld, svo sem til þess að sjá um að **greiðslu aðgangsmiða að tónleikum eða kvikmyndahúsum, veitingar á kaffihúsi o.s.frv.** Til þess að stöðumboðið verði virkt þarf einnig að liggja fyrir samkomulag skv. 1. mgr. 7. gr. Með slíku samkomulagi er tryggt að báðir þættir stöðumboðs séu til staðar skv. 2. mgr. 10. gr. laga um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga, nr. 7/1936.

Lagt er til að stöðumboð persónulegs talsmanns taki einungis til greiðslna vegna daglegra útgjalda hins fatlaða einstaklings með reiðufé sem ráðstafað er af sérgreindum reikningi fyrir þess háttar útgjöld. **Nær það einnig til greiðslna með debetkorti sem tengt er slíkum reikningi. Hafa skal í huga að innstæða á þess háttar reikningum er að öllu jöfnu lág.** Hins vegar er tekið skýrt fram að persónulegum talsmanni er algerlega óheimilt að stofna til íjárhagsskuldbindinga fyrir hönd hins fatlaða einstaklings. Til slíkra skuldbindinga teyast allir löggerningar sem fela í sér greiðslu með öðru en reiðufé, þar á meðal greiðslur með kreditkorti o.þ.h. Bannið tekur einnig til þess að stofna til yfirdráttarheimildar á ráðstöfunarreikning.“

Eins og sést af umfjöllun í greinargerð þá er með ráðstöfun fjármuna vegna daglegra útgjalda átt við miðakaup á tónleika og í bíó og útgjöld á kaffihúsi og þess háttar væntanlega með aukakorti fyrir talsmann á debetreikning hins fatlaða. Á grundvelli núgildandi ákvæðis hefur persónulegur talsmaður ekki verið talinn hafa heimild til þess að fá aðgang að netbanka hins fatlaða og hefur því hvorki sýn á stöðu reikningsins sem hann hefur heimild til að greiða út af né sýn á ógreidda reikninga sem hinn fatlaði þarf að standa skil á og eftir atvikum rafræn skjöl sem eru birt í netbanka. Í dag birtast flestir reikningar eingöngu í netbönkum en eru ekki lengur sendir með bréfpósti á lögheimili skuldara. **Það sem hefur verið að valda töluverðum vanda í framkvæmd er að greiðsla reikninga sem berast hinum fatlaða í netbanka, eins og t.d. reikningar vegna húsnæðis, áskrifta og félagsgjalda eru samkvæmt framangreindu ekki talin falla undir dagleg útgjöld sem persónulegur talsmaður hefur heimild til að greiða. Þá hefur ákvæðið ekki verið talið ná til þess að heimila persónulegum talsmanni skoðunaraðgang að ógreiddum reikningum og eftir atvikum rafrænum skjölum sem berast hinum fatlaða í netbanka.** Að mati SFF er þörf á að taka af allan vafa um að ákvæðið feli í sér að persónulegur talsmaður geti fengið skoðunaraðgang að ógreiddum reikningum í netbanka og eftir atvikum aðgang að rafrænum skjölum og að skýrt sé kveðið á um að persónulegur talsmaður hafi heimild til að aðstoða hinn fatlaða við greiðslu slíkra reikninga. Slíkur aðgangur persónulegs talsmanns getur verið til þess fallinn að draga úr óþarfa vanskilum á eðlilegum gildandi skuldbindingum hins fatlaða. Þá geta hagsmunir hins fatlaða staðið til þess að veita persónulegum talsmanni aðgang að rafrænum skjölum sem berast í netbanka í þeim tilgangi að gæta að hagsmunum hins

fatlaða vegna slíkra skjala sem geta t.a.m. verið launaseðlar og útgefnir reikningar. Mikilvægt væri að í samkomulagi milli fatlaðs einstaklings og persónulegs talsmanns, væri listað upp hvaða aðgang persónulegur talsmaður fengi, þ.e. hvaða reikningar um ræðir sem persónulegur talsmaður hefði heimild til að ráðstafa fjármunum af og hvort persónulegum talsmanni væri veitt heimild til að hafa skoðunaraðgang að ógreiddum reikningum og rafrænum skjölum. Auðvelt er að útfæra rekjanlegan aðgang persónulegs talsmanns að netbanka hins fatlaða enda myndi persónulegur talsmaður fá aðgang á sínum persónulegu rafrænu skilríkjum og aðgangsstýringar miðaðar við þá tilteknu heimild sem samkomulag um persónulegan talsmann tilgreinir.

Vegna óskýrleika ákvæðisins eins og það er í dag sem verður ekki skýrara með fjölgun reikninga hafa viðskiptabankar ekki heimild til þess að veita persónulegum talsmönnum aðgang að netbanka hins fatlaða í þessum takmarkaða tilgangi en slíkt væri unnt ef löggjöfin yrði skýr að þessu leyti.

Fulltrúar samtakanna eru reiðubúnir að veita frekari upplýsingar um þetta atriði ef eftir því verður leitað.

Virðingarfyllt,

F. h. Samtaka fjármálafyrirtækja.



Margrét Arnheiður Jónsdóttir, lögfræðingur